

Ársskýrsla nefndar um dómarastörf

2019

Nefnd um dómarastörf starfar samkvæmt II og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt 12 formlega fundi á árinu, en fjölmargar ákvarðanir voru einnig teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndinni bárust á árinu 43 erindi frá dómurum, um var að ræða tilkynningar um aukastörf, beiðnir um heimild til að gegna aukastarfi, tilkynningar um eignarhluti og beiðnir um heimild vegna eignarhluta.

Nefndin tekur á mótum og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsathafnir. Nefndinni bárust fimm slíkar kvartanir. Þremur málum var vísað frá með rökstuðningi án frekari meðferðar, eitt mál fékk efnislega afgreiðslu og einu máli var ólokið um áramót. Varamaður formanns, Eiríkur Elís Þorláksson, tók sæti í máli nr. 5/2019. Tvö mál frá fyrra ári voru afgreidd í ársbyrjun.

Nefndinni barst fyrirspurn frá alþingismanni um afgreiðslur nefndarinnar í ársbyrjun. Á fyrri hluta ársins bárust fjórar fyrirspurnir frá fréttamiðlum. Ein fyrirspurn barst frá lögmanni aðila máls um aukastörf dómara.

Hefð hefur verið fyrir því að dómarar séu skipaðir í ýmsar stjórnarsýslunefndir. Nefndin ákvað, í ljósi stangari krafna dómstólalaga um aukastörf dómara, að leggja vinnu í að greina eðli og umfang allra starfandi stjórnarsýslunefnda í því skyni að meta hvort seta í þeim gæti samrýmst embættisskyldum dómara og þar með fallið að undanþáguheimildum nefndarinnar. Er sú vinna yfirstandandi.

Reglur nefndarinnar frá 6. nóvember 2018 um birtingu álita og annarra afgreiðslna nefndarinnar voru endurskoðaðar í ljósi nýrra persónuverndarlaga.

Útbúið var rafrænt eyðublað fyrir kvartanir til nefndarinnar og það tekið í notkun.

Samþykkt á fundi nefndar um dómarastörf 24. febrúar 2020.

Hjördís Hákonardóttir formaður